

**Nd.**

**435. Nefndarálit**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 12. des. 1935, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir orðið ásátt um að afgreiða málið til deildarinnar. Þeir nm. (ÁÁ, GSv, ÓTh) telja ekki fært að synja Vestmannaeyjum um þann tekjustofu, sem í frv. felst, enda er hér eingöngu um framlengingu að ræða. Telur bæjarstjórn Vestmannaeyja, að ekki verði hjá því komizt, að þessi lög verði framlengd a. m. k. þar til almenn löggjöf verður sett um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Framangreindir 3 nefndarmenn vilja því samþykkja frv. óbreytt.

Einn nm. (StJSt) er mótfallinn frv., en einn nm. (SigfJ) hefir óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 24. apríl 1936.

Ólafur Thors,  
frsm.

Gísli Sveinsson,  
fundaskr.

Ásgeir Ásgeirsson.